

# 24. Rask-ráðstefnan

um íslenskt mál  
og almenna málfræði



laugardaginn 30. janúar 2010  
í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands



Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
malvis.hi.is

# Rasmus Kristján Rask

1787–1832

Rasmus Kristján Rask fæddist 22. nóvember 1787 á Fjóni í Danmörku. Hann hóf ungur að læra íslensku með lestri fornþagna en síðar kynntist hann íslenskum Hafnarstúdentum og lærði af þeim nútímamálið. Árið 1811 kom út eftir hann íslensk málfræði, *Vejledning til det Islandske eller gamle Nordiske sprog*, sem var að mörgu leyti tímamótaverk og var lengi fyrirmynd handbóka um íslenska málfræði. Haustið 1813 sigldi Rask til Íslands og dvaldi þar til hausts 1815. Hann náði góðum tókum á tungumálinu, ferðaðist víða um land og skráði hjá sér ýmislegt um málfar. Eftir heimkomuna til Kaupmannahafnar var Rask meðal þeirra er 30. mars 1816 stofnuðu Hið íslenska bókmenntafélag og varð hann fyrsti formaður félagsins. Rasks verður ekki síst minnst fyrir ritgerðina *Undersøgelse om det gamle Nordiske eller Islandske Sprogs Oprindelse* sem hann lauk við á Íslandi 1814 en kom ekki út fyrr en 1818. Þar færði Rask rök fyrir því að íslenska og önnur germönsk mál væru skyld slafneskum og baltneskum málum, grísku og latínu. Röksemdafærsluna byggði Rask ekki síst á kerfisbundnum hljóðasamsvörum í þessum tungumálum og með athugunum sínum átti hann þátt í að móta grundvallaraðferðir samanburðarmálfræðinnar. Rask ferðaðist víða um heim og lagði stund á fjölda tungumála. Hann lést í Kaupmannahöfn 14. nóvember 1832, tæpra 45 ára, en skömmu áður hafði hann verið skipaður prófessor í Asíumálum við Kaupmannahafnarháskóla.

Íslenska málfræðifélagið heldur ár hvert ráðstefnu um íslenskt mál og almenna málfræði og kennir við Rasmus Kristján Rask. Undanfarin ár hefur Málvísindastofnun Háskóla Íslands styrkt ráðstefnuna. Dagskrá eldri ráðstefna er að finna á vef félagsins: [www.málfræði.is](http://www.málfræði.is).

---

# Dagskrá

9.00

Ráðstefnan sett

9.15–9.45

**Kristín Bjarnadóttir: Algilt -i eða hverfult?**  
Um þágufall eintölu í sterkum hvorugkynsnafnorðum

9.45–10.15

**María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir: Stigveldi máltileinkunar**

10.15–10.45

**Hrafnhildur Ragnarsdóttir: Virkjaður orðaforði í textum 11, 14, 17 ára og fullorðinna. Samanburður á tal- og ritmáli**

FYRRA KAFFI

11.00–11.30

**Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir: Markað og merkingargreint.**  
Stöðlun og breytileiki orðasambanda í *Íslensku orðaneti*

11.30–12.00

**Jóhannes Gísli Jónsson: Afturbeygðar sagnir í íslensku**

12.00–12.30

**Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson:**  
„Það var fengið sér (annan) öllara.“ Undirförull undanfari

HÁDEGISHLÉ

13.15–13.45

**Baldur Sigurðsson: Háttatal íslenskra sagna**

13.45–14:15

**Jón Axel Harðarson:**  
Um atkvæðaskipun í forníslensku og breytingar á henni

14.15–14.45

**Haukur Þorgeirsson: Hvenær lauk hljóðdvalarbreytingunni?**

14.45–15.15

**Ragnar Ingi Aðalsteinsson: Sníkjuhljóð breytir bragnum**

SEINNA KAFFI

15.30–16.00

**Margrét Jónsdóttir: Kökkur– kekkur**

16.00–16.30

**Katrín Axelsdóttir: Þættir af einkennilegum orðmyndum**

16.30–17.00

**Jón G. Friðjónsson: Fleiryrtar forsetningar**

# Ágrip

## Baldur Sigurðsson: Háttatal íslenskra sagna

Á fyrri hluta 20. aldar þróuðust íslensk málfræðihugtök og festust í sessi samfara aukinni útgáfu skólabóka. Hugtakið háttur (*modus*) virðist hafa tekið alveg sérstaka og séríslenska stefnu, fyrst með hugtakinu lýsingarháttur (*participium*, 1918), og síðan með hugtakinu fallháttur (1939). Um svipað leyti hverfur sagnbót (*supinum*) úr beygingarlýsingum sagna. Hvergi verður fundið í erlendum heimildum að hugtakið *modus* (háttur) sé tengt við *participium* (lýsingarhátt) eða *supinum* (sagnbót).

Í íslenskum málfræðibókum síðari ára, þar sem reynt er að gefa heildarmynd af beygingu sagna, lenda höfundar íðulega í vandræðum þegar kemur að því að útskýra fyrirbærið hátt, og skortur á sérstöku hugtaki fyrir sagnbótina leiðir til að skýringar á beygingu og beygingarleysi lýsingarháttar verða flóknar og vandræðalegar. Í erindinu verður rökstutt að háttarhugtakið í íslenskum mállýsingum verði endurskoðað og að sagnbót verði aftur tekin upp sem sérstakt hugtak í almennri lýsingu á beygingu sagna.

## Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson: „Það var fengið sér (annan) öllara.“ Undirförull undanfari

Í íslensku koma afturbeygð fornöfn fyrir í setningagerð sem hefur beygingar- og setningafræðileg einkenni þolmyndar. Það hefur ekki verið talið eiga við um önnur germönsk mál þótt raunar örli á þessu fyrirbæri í þeim líka þegar grannt er skoðað. Þessi setningagerð er fræðilega áhugaverð vegna þess að afturbeygða fornafnið virðist ekki hafa neinn setningarlegan undanfara sem það vísar til. Í þessum fyrirlestri hyggjumst við lýsa helstu einkennum setninga af þessu tagi í íslensku á grundvelli gagna sem m.a. var aflað við vinnu í öndvegisverkefninu Tilbrigði í setningagerð 2005-07. Við munum einkum fjalla um setningar með tveggja andlaga sögnum á borð við *Það var fengið sér öllara*. Í þessari setningagerð er óbeina andlagið afturbeygt fornafn en beina andlagið er í þolfalli og því minnir hún á nýju þolmyndina svokölluðu.

## Haukur Þorgeirsson: Hvenær lauk hljóðdvalarbreytingunni?

Hljóðdvalarbreytingin er umfangsmesta breyting sem orðið hefur á íslensku hljóðkerfi. Venjulega er henni lýst þannig að lengd sérhljóða hafi breyst úr því að vera eðlisbundin í að vera stöðubundin. Meginheimild okkar um hljóðdvalarbreytinguna í íslensku er kveðskapur en bragreglur gerðu greinarmun á fornum stuttum og löngum sérhljóðum. Í þessum fyrirlestri verður reynt að komast að því hversu lengi eimt hafi eftir af gamalli hljóðdvöl í rímnakveðskap. Einkum verður reynt að varpa ljósi á hugsanleg millistig milli fornra og nýrra reglna um sérhljóðalengd.

## Hrafnhildur Ragnarsdóttir: Virkjaður orðaforði í textum 11, 14, 17 ára og fullorðinna. Samanburður á tal- og ritmáli

Rannsóknin fjallar um greiningu og samanburð á þeim orðaforða sem höfundar úr fjórum aldursflokkum (11, 14, 17 ára og fullorðnir) virkjuðu við gerð tvenns konar **texta** (frásagna og álitssgerða) og í tveimur **miðlum** (ritmáli og talmáli). Meginlegum aðferðum var beitt til að kanna áhrif þriggja frumbreytna **aldurs**, **kyns** og **miðils** á nokkrar vísbendingar um auðlegð orðaforðans (fjölbreytileika o.fl.) og merkingarþéttleika textanna (m.a. hlutfall inntaksorða af öllum orðum). Niðurstöður staðfesta tölfraðilega marktæk áhrif **aldurs** og **miðils** á orðaforða og textaþéttleika. Fyrri greiningar á sömu textum leiddu í ljós miklar framfarir í textagerð á þessu aldursbili (sjá Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2007) og þessi rannsókn staðfestir að allar mælingar á orðaforðanum sem virkjaður er hækka marktækt með aldri höfunda af báðum kynjum. Þá virkjuðu höfundar á öllum aldri blæbrigðaríkari og fjölbreytilegri orðaforða í ritmáli en í talmáli, og ritaðir textar þeirra voru merkingarlega þéttari en í mæltu máli. Munurinn á auðlegð orðaforða í ritmáli og talmáli fór vaxandi með aldri.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 2007. Þróun frásagna og álitssgerða frá miðbernsku til fullorðinsára: Lengd texta og tengingar setninga. *Uppeldi og menntun* 16(2):139-159.

---

## Jóhannes Gísli Jónsson: Afturbeygðar sagnir í íslensku

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um sagnir í íslensku sem taka með sér einfalt afturbeygt fornafn sem andlag, hvort sem afturbeygða fornafnið er skyldubundið (sbr. *barma sér*, *spreyta sig*) eða ekki (sbr. *raka sig/e-n*, *fórna sér/e-u*). Athyglinni verður einkum beint að tveimur atriðum, þ.e. (i) hvernig þessar sagnir skiptast í merkingarflokka, og (ii) hvað ræður fallmörkun andlagsins. Fyrri atriðið verður sett í samhengi við merkingarflokka afturbeygðra sagna í öðrum málum og það síðara í samhengi við almenna fallmörkun andlaga í íslensku.

---

## Jón G. Friðjónsson: Fleiryrtar forsetningar

Í fyrirlestrinum verður fjallað um tengsl staðaratvíksorða (t.d. *upp–uppi–ofan*) við forsetningar og aðra setningarliði. Erindið verður með sögulegu ívafi og verður leitast við að sýna að þau mynda ýmist eina heild með forsetningum eða kveða á um aðra liði. Þessi munur er merkingargreinandi og á sér stoð í ólíkri setningagerð.

---

## Jón Axel Harðarson: Um atkvæðaskipun í forníslensku og breytingar á henni

Fræðimenn hafa löngum talið að atkvæðaskipun hafi verið með öðru móti í forníslensku en öðrum germönskum málum. Hafa þeir einkum byggt þá ætlun sína á innrími í fornum kveðskap. Í nýlegri forníslenskri málfræði er gert ráð fyrir að þetta sé hin almenna skoðun. Í fyrirlestrinum verður leitast við að sýna fram á að þessi skoðun sé á misskilningi byggð. Þá verður vikið að ákveðnum breytingum sem hafa orðið á atkvæðaskipun í íslensku og þær útskýrðar.

## Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir: Markað og merkingargreint – Stöðlun og breytileiki orðasambanda í *Íslensku orðaneti*

Merkingarbær orðasambönd hafa löngum haft veika og óskýra stöðu sem orðabókareiningar í samanburði við stök orð. Form þeirra og framsetning er gjarna á reiki og ekki er hægt að ganga að þeim á vísu stað í orðabókartextanum. Í *Íslensku orðaneti* er farið með slík sambönd sem fullgildar einingar (flettur) sem kallast á innbyrðis og við stök orð í margvíslegum venslum, jafnt formlega sem merkingarlega. Framsetning orðasambandanna er með föstu sniði og flettustrengirnir eru jafnframt markaðir málfræðilega. Þannig má flokka samböndin eftir málfræðilegum einkennum, á sambærilegan hátt og stök orð eru flokkuð eftir orðflokkum (raunar mun nánar). Með þessu móti verða einkum sagnir og sagnasambönd gildari og fyrirferðarmeiri en venja er til. Auk þess að hafa sjálfstætt gildi greiðir mörkun flettustrengjanna mjög fyrir merkingarflokkun orðasambanda í orðanetinu.

---

### Katrín Axelsdóttir: Þættir af einkennilegum orðmyndum

Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að nokkrum orðmyndum, bæði fornum og nýjum, í beygingu þriggja óákveðinna fornafrna, fornafranna *hvorgi* (*hvorugur*), *hvergi* og *engi*(*nn*). Allar geta þessar myndir talist einkennilegar með einum eða öðrum hætti. Sumar eru einkennilegar ef miðað er við aðrar myndir í beygingunni eða ef litið er til beygingar lýsingarorða — þær eru öðruvísi en búast hefði mátt við. Aðrar hafa orðið einkennilega langlífur og útbreiðsla einna eða tveggja orðmynda virðist hafa verið einkennilega hröð. Þá er landfræðileg dreifing sumra myndanna einkennileg.

---

### Kristín Bjarnadóttir: Algilt -i eða hverfult? Um þágufall eintölu í sterkum hvorugkynsnafnordum

Í málfræðibókum er því jafnan haldið fram að þágufallsendingin *-i* sé algild í sterkri beygingu hvorugkynsnafnorda. Einu undantekningarnar frá þessari reglu í *Íslenskri grammatík* (Valtýr Guðmundsson 1922) eru orðin *tré*, *hné*, *hlé* og *fé* en að öðru leyti á þágufallið að vera algerlega fyrirsegjanlegt í hvorugkyni.

Við vinnu við Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN) hefur komið í ljós að raunin er önnur. Reglan gildir um einkvæð hvorugkynsorð en í tvíkvæðum orðum þarf að athuga stofngerð orðanna og jafnvel merkingarvið. Í tvíkvæðum tökuorðum virðist þágufalls-*i* vera hverfult; það er stundum notað og stundum ekki. Kryddað er með *engifer* en tæplega með *?engiferi* og með *saffran* eða *saffrani* frá Íran en ekki *\*Írani*. Í fyrirlestrinum er gerð grein fyrir skiptingu tvíkvæðra sterkra hvorugkynsnafnorda í BÍN í beygingarflokka.

## Margrét Jónsdóttir: *Kökkur* – *kekkur*

Í *Íslenskeri orðabók* eru orðin *kökkur* og *kekkur*. Aðalmerking orðsins *kökkur* er ‘moli, köggull, kekku’. Eignarfallið er *kekku*, fleirtalan *kekku*. Dæmi sýnir að þágufall fleirtölu er *kökkum*. Aðalmerking orðsins *kekku* er ‘kökkur, hnaus, klumpur’. Eignarfallið er *kekku* eða *kekku*, fleirtalan *kekku*. Á önnur föll er ekki minnst. Í *BÍN* er orðið *kökkur* í þágufalli eintölu *kekku* eða *kökk* og þágufall fleirtölu er *kökkum*. Á hinn bóginn er *kekku* í þágufalli eintölu, *kekku*. Þágufall fleirtölu er *kekku*.

Um *kekku* segir Ásgeir Blöndal Magnússon (1989: 453) að það sé víxlmynd frá 17. öld við orðið *kökkur*. Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að tilurð yngri myndarinnar og samspili hennar við þá eldri. Báðar myndirnar verða skoðaðar í samtímalegu ljósi og tilraun gerð til að spá fyrir um væntanlega þróun. Jafnframt verður bent á hliðstæður.

---

## María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir: Stigveldi máltileinkunar

Manfred Pienemann (1998) tilheyrir þeim hópi fræðimanna sem lítur á máltileinkun sem stigvaxandi ferli þar sem sjá megi algild tileinkunarstig, óháð móðurmáli málnema. Í úrvinnslukenningu Pienemanns er gert ráð fyrir stigvaxandi ferli sálfræðilegrar úrvinnslu sem stjórnar úrvinnslu málfræðinnar á þann hátt að málfræðilegt upplýsingaflæði takmarkast af þeim sálfræðilegu aðgerðum sem málneminn ræður við hverju sinni. Úrvinnslukenningin er byggð á rannsóknum á þýsku millimáli en síðar hafa rannsóknir á fleiri málum stutt og útvíkkað kenninguna. Í þessum fyrirlestri verða tiltekin málfræðiatríði í íslensku mátuð við úrvinnslustigin í kenningunni.

Pienemann, M. 1998. *Language Processing and Second Language Development: Processability Theory*. John Benjamins, Amsterdam.

---

## Ragnar Ingi Aðalsteinsson: Sníkjuhljóð breytir bragnum

Þegar skoðaður er íslenskur kveðskapur sem ortur er fyrir 1400, hvort sem er dróttkvæði eða eddukvæði, má sjá mörg dæmi um *s*-stuðlun (þ.e. þegar *sl*, *sn* og *sm* (sjá hér á eftir um *sm* sérstaklega) stuðla við *sj*, *sv* og *s*+sérhljóð). Eftir 1400 hverfur þessi stuðlunarvenja með öllu. *S*-stuðlun var tekin upp aftur á 17. öld og hana má sjá í kveðskap nokkurra skálda allt fram í byrjun 20. aldar en þá virðist hún hverfa með öllu.

Framstöðuklasinn *sm* hefur hér nokkra sérstöðu. Þegar nánar er að gáð virðist *sm* aldrei hafa stuðlað við *sl*, *sn*, *sj*, *sv* og *s*+sérhljóð heldur er útlit fyrir að *sm* hafi verið gnýstuðull líkt og klasarnir *sk*, *sp* og *st*, sem eins og vitað er hafa alla tíð stuðlað aðeins innbyrðis.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar sem hér liggur til grundvallar (RIA 2010) virðist sníkjuhljóðið [t] sem skaust inn á milli *s* og *l* annars vegar og *s* og *n* hins vegar hafa komið inn á 14. öld, eða seint á 13. öld. Sníkjuhljóðið [p] sem birtist milli *s* og *m* í framstöðu virðist hafa komið fram allnokkru fyrir, þótt erfitt sé að tímasetja hljóðbreytingar nákvæmlega eftir kveðskap. Einnig er hægt að hugsa sér aðra skýringu á því að *sm* stuðlar ekki við *sl*, *sn*, *sj*, *sv* og *s*+sérhljóða. Að því verður vikið í kynningunni ef tími vinnst til.